



Ársfundur FEDON - 29. maí 2017

Flutningsmaður: Einar Pétur Heiðarsson

ÁLYKTUN FEDON

um samstarf FEDON við Landssamband Íslenskra Stúdenta (LÍS)

FEDON ályktar að fela formanni FEDON að taka upp formlegt samtal við formann LÍŠ um framtíð alþjóðastarfs FEDON.

FEDON er félagi í EURODOC, European Council of Doctoral Candidates and Junior Researchers, og greiðir um €300 í árgjald til félagsins. FEDON hefur í tvígang sent fulltrúa á ársfund EURODOC, en að öðru leiti hefur FEDON ekki verið virkur þátttagnadi í EURODOC.

Nú er það svo að EURODOC er félag landsfélaga doktorsnema og nýdókora en FEDON er eingöngu opið fyrir nemendur Háskóla Íslands. Í raun uppfyllir FEDON ekki inngönguskilyrði EURODOC.

Ársfundur FEDON leggur því til að tekið verði upp formlegt samtal á milli FEDON og LÍŠ, Landssamband Íslenskra Stúdenta, um framtíðar skipulag alþjóðasamstarfs FEDON. LÍŠ heldur nú þegar utan um alþjóðasamvinnu íslenskra stúdenta í grunnnámi og telur fundurinn að hið sama ætti að gilda um framhaldsnema, að því gefnu að LÍŠ hafi á að skipa framhaldsnemum til þess að sinna þessu starfi.

Hvort sem það verður niðurstaðan að EURODOC aðild Íslands yrði færð yfir til LÍŠ, eða þá hvort FEDON gangi í LÍŠ, þá telur fundurinn að núverandi skipan mála sé ófullnægjandi og engum til sóma. Það er því ósk fundarins að taka upp formlegar viðræður við LÍŠ um framtíðar skipan þessara mála.